

Skólaráðsfundur 21. nóv. 2013 kl. 16:30.

Fundur settur kl. 16:30 í stofu 306.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri
Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri,
Helga Guðjónsdóttir fulltrúa starfsmanna, Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara, Erla
Edwardsdóttir varamaður kennara.
Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra

Gestur á fundinum var: Björn Þráinn Þórðarson, framkvæmdastjóri fræðslu- og
menningarsviðs.

Forföll boðuðu:

Elísabet Jónsdóttir fulltrúi kennara og mætti Erla varamaður hennar í staðin.

Hreiðar Örn Zöega Stefánsson fulltrúi foreldra og Pétur Magnússon fulltrúi
grenndarsamfélagsins.

Andri Freyr Jónasson fulltrúi nemanda og Aníta Rut Ólafsdóttir formaður nemendaráðs.

Dagskrá fundarins:

- 1. Lóð Lágafellsskóla**
- 2. Skýrsla um uppbyggingu skólahverfa og byggingu nýrra skóla í Mosfellsbæ**

Lóðin og trjágróður á henni.

Björn Þráinn Þórðarson, framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs hafði óskað eftir að funda með skólaráði vegna beiðni varðandi gróður á skólalóð sem og vegna athugasemda stjórnenda um sama mál. Umhverfissvið í samvinnu við stjórnendur Lágafellsskóla og Skólaskrifstofu lagði til breytingar á nýtingu þessa svæðis til að koma til móts við óskir beggja aðila.

Kynnti Björn þessar tillögur sem felast í því að taka á burt girðingar í kringum trjágróðurinn en halda trjánun þannig að þetta verði „græn leiksvæði“ auk þess sem bekkir verði settir á svæðið. Þetta verður þó ekki gert fyrr en í vor. JM benti á að æskilegt væri að þetta væri þá í stíl við þá bekki og borð sem foreldrafélagið gaf skólanum sl. vor. Helga benti líka á bekki og borð sem Ásgarður hefur útbúið og eru niðri í Álafosskvos. Þeir gætu farið vel heim og saman við grænt svæði.

Skýrsla vegna uppbyggingar skólahverfa og byggingu nýrra skóla í Mosfellsbæ

-Rætt um skýrslu sem sýnir úttekt á stöðu skólamála eins og hún er núna í bænum og hvernig menn sjá þróun skólamannvirkja fyrir sér til framtíðar í bæjarfélaginu. Einnig verður rætt um skýrsluna á Skólapinginu 26. nóv. sem haldið verður í Lágafellsskóla kl. 19:30-22:00 og þær hugmyndir sem birtast þar og ábendingar sem hafa verið sendar rafrænt á netinu verða lagðar fyrir fræðslunefnd sem gerir tillögu áfram til bæjarstjórnar. Hafa á nemendur með í ráðum hvernig þau vilja hafa skóla.

-Skólahverfum fjölgað úr tveimur í fimm og síðar sjö.

A)Varmárhverfi með einum skóla, Varmárskóla

B)Helgafellshverfi með tveimur skólum, Helgafellsskóla og Krikaskóla

C)Lágafellsskólahverfi með tveimur skólum, Lágafellsskóla og óstaðsettum skóla.

-Sett verði viðmið um stærð skóla sem verði að hámarki fyrir 550-600 nemendur.

-Stefnt verði að því að fjöldi færanlegra skólastofa verði alltaf í lágmarki og gert verði ráð fyrir því strax í upphafi við skipulagningu og hönnun á skólalóðum að uppsetning slíkra stofa geti komið til.

-Möguleikar á Vestursvæðinu eru:

1. Nýr skóli fyrir eins til níu ára börn svipað og Krikaskóli þ.e. skólinn yrði val.
2. Viðbygging við Lágafellsskóla
3. Færanlegar kennslustofur við skólann
4. Byggja upp annan skóla á Blikastaðalandi sem uppskiptingu á milli Lágafells- og Blikastaðahverfis.
5. Sér unglíngaskóli a)safnskóli að Varmá, b) sérhúsnæði c) viðbygging við skólann.

Skólaráð mælir með tillögu fjögur þ.e. nýr skóli sem undanfari að uppskiptingu hverfisins í Lágafellsskóla- og Blikastaðaskólahverfi. Allir fundarmenn telja hinsvegar nauðsynlegt að létta strax frá næsta skólaári á Lágafellsskóla með t.d. færanlegum kennslustofum og hefja þróun nýs skóla á skólasvæðinu við Blikastaðaveg vestan Þrastarhöfða eða við Æðarhöfða.

Fundi slitið kl. 18:05

Fundarritari
Ásta Steina